



Reykjaneshöfn

Víkurbraut 11
230 Reykjaneshöfn

Reykjaneshöfn, 21. júní 2023
Mál nr. 2020100160

Efni: Deiliskipulag Njarðvíkurhafnar - suðursvæði

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 16.6.2023 og staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 20.6.2023

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. og Reykjaneshöfn lögðu fram deiliskipulagstillögu samkvæmt uppdráttum Kanon arkitekta ehf. og VSÓ ráðgjafar ehf. dags. 23. mars 2022. Greinargerð og umhverfismat koma fram á uppdrætti ásamt skuggavarpum og rýmismyndum. Tillagan felst í nýjum viðlegukanti, nýrri skipakví og landfyllingu auk nýrrar umferðaraðkomu frá Fitjabraut. Umhverfis- og skipulagsráð veitti heimild til að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða auglýsingu á endurskoðun aðalskipulags á fundi dags. 1. apríl 2022. Tillagan var auglýst og haldinn var íbúafundur. Fram komu athugasemdir varðandi hávaða frá starfseminni, aðkomu frá Sjávargötu og staðsetningu byggingarreits við Sjávargötu. Unnin var hljóðvistarskýrsla, aðkomu er breytt og sett fram kvöð um umferð um lóð skipasmíðastöðvar. Breytingum nánar lýst á uppdrætti. Samþykkt var að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu, sem gerir athugasemd. Gera þarf betur grein fyrir viðbrögðum við athugasemdum og afla nánari umsagna vegna hæðar á byggingu. Umsögn Landhelgisgæslunnar dags 27. apríl 2023 lögð fram. Samantekt umsagna og tillögur að svörum, Kanon dags. janúar 2023. Á uppdrætti er gerð grein fyrir byggingum sem heimilt er að rífa. Unnin hefur verið húsakönnun og hún verið uppfærð, Kanon dags. júní 2023.

Að mati umhverfis- og skipulagsráðs eru skipulagsgögn fullnægjandi og viðbrögð við umsögnum viðeigandi. Samþykkt að senda deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

Með vísan til ákvæða stjórnisýslulaga nr.37/1993 er yður hér með bent á andmælarétt, þar sem þér er heimilt að tjá þig um málið innan 14 daga frá viðtöku þessa bréfs. Athugasemdir sendist á Tjarnargötu 12, 230 Reykjaneshöfn – merkt skipulagsfulltrúi Reykjaneshöfnar.

Að auki er þér bent á að teljir þú að hér sé um að ræða ágreiningsmál milli þín og embættisins, getur þú vísað málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. lög nr. 130/2011. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um. Þá ákvörðun sem kæra skal.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjaneshöfnar

Ráðhús Reykjaneshöfnar

Tjarnargata 12
230 Reykjaneshöfn

Sími: 421 6700
reykjaneshöfn@reykjaneshöfn.is
www.reykjaneshöfn.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni